

dags. 12.05.2022

## **Berist til: skipulags- og umhverfisnefndar Þingeyjarsveitar**

### **Efni: ósk um leyfi til deiliskipulagsgerðar á landi Akursels, Þingeyjarsveit**

Samherji fiskeldi ehf. hefur nýlega fest kaup á landareigninni Akursel (L154134) sem er skammt frá fiskeldisstöð í þeirra eigu. Fyrirhugað er að deiliskipuleggja landareignina, sem er um 1350 ha að stærð, og unnið er að staðfestingu landamerkjia í samráði við aðliggjandi jarðir.

Jarðarkaupin voru gerð með það að markmiði að tryggja stöðinni aðgengi að sjó, auðvelda losun lífrænna efna og nýta til landgræðslu og hefja kolefnisjöfnun rekstursins.

#### *Viðfangsefni deiliskipulagsins:*

- Sjótaka fyrir núverandi eldisstöð
  - Dren í fjöru
  - Dælumannvirki
  - Sjólagir frá dælumannvirkjum og að eldisstöð
- Borun eftir heitu vatni fyrir eldisstöð
- Endurnýjun á eldri brú
- Dreifingu fiskimykju til landgræðslu
  - Miðlunartankur
  - „vélageymsla“
  - Skilgreint svæði til dreifingar
- Skógrækt til kolefnisbindingar
  - 4-5 x 200 ha reitir (útfært í samvinnu við Skógræktina)
- Uppbygging sumarhúsabyggðar 15-20 lóðir syðst á jörðinni
- Rif eldri mannvirkja í Akurseli

Í samræmi við 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 óskar undirrituð, fyrir hönd Samherja fiskeldi ehf., eftir leyfi til að hefja skipulagsvinnu og taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu.

Lilja Filippusdóttir

skipulagsráðgjafi